

Drög dags. 13. nóvember 2024

Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn  
ofbeldi  
2025-2028

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Aðgerðir .....	3
Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar .....	3
Forvarnarverkefni í hverfum gegn ofbeldi og efling félagsauðs.....	3
Þjónustusamningar.....	4
Börn, forvarnir og ofbeldi .....	5
Saman gegn ofbeldi .....	14
Aldraðir og heimilisofbeldi .....	18
Hinsegin fólk og heimilisofbeldi .....	19
Fatlað fólk og ofbeldi .....	19
Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi .....	20
Fordómar, rasismi og inngilding .....	21
Öruggar borgir á Norðurlöndum .....	24
Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum .....	25
Mansal .....	26
Ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar.....	27

# Inngangur

Aðgerðaráætlunin er unnin af mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði Reykjavíkurborgar. Hún er unnin í samvinnu við svið borgarinnar, öldungaráð, aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og fjölmeningarráð og var sett í samráðsgátt sem gaf öllum tækifæri til að senda inn hugmyndir að verkefnum og koma með ábendingar. Einnig voru lokadrög send út til valdra hagaðila.

Áætlunin er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Hún er einnig vegvísir í baráttunni gegn ofbeldi og er ætlað að tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru verði framkvæmd. Aðgerðaráætlunin getur aldrei orðið tæmandi enda eru ýmis verkefni sett á fót með litlum fyrirvara til að bregðast við ákveðnum aðstæðum. Það er einnig oft matsatriði hvaða verkefni eigi heima í slíkri áætlun og svo getur verið erfitt að afla upplýsinga um öll þau verkefni sem í gangi eru á fjölmörgum stofnunum borgarinnar.

Það er mikilvægt að hafa í huga að ofbeldi er kynbundið og að sumir hópar í samfélaginu eru útsettari fyrir ofbeldi en aðrir og einstaklingar verða oft fyrir margþættri mismunun t.d. er engum hópi eins hætt við að verða fyrir ofbeldi og fötluðum konum.

## Aðgerðaráætlunin byggir meðal annars á:

- ✓ Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar
- ✓ Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá 2020
- ✓ Lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- ✓ Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Almennum hegningarlögum, sjá sérstaklega grein 233
- ✓ Mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) í starfsumhverfinu
- ✓ Lögum sem snúa að vinnuumhverfi
- ✓ Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum
- ✓ Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn)
- ✓ Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- ✓ Aðgerðum stjórnvalda vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum
- ✓ Niðurstöðum ýmissa rannsókna sem hafa verið unnar á þessu sviði á undanförunum árum
- ✓ Upplýsingum og tölfræði sem hefur verið safnað af Reykjavíkurborg m.a. í verkefninu **Saman gegn ofbeldi**

# Aðgerðir

Áætluninni er skipt í kafla og undir þá falla 51 aðgerð.

## Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs. Hlutverk ráðsins er að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi. Það er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

Nefndin er skipuð sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði, annan og fjórða fimmtudag í mánuði. Einn fundur í mánuði skal að jafnaði tileinkaður ofbeldisvarnarmálum og á þá fundi skal boða áheyrnarfulltrúa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Samtaka um kvennaathvarf og Landlæknis sem tilnefna einn fulltrúa hvert og einn til vara.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð mótar stefnu í mannréttinda- og ofbeldisvarnarmálum, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð hefur m.a. það hlutverk að fylgja eftir þessari aðgerðaráætlun.

### Aðgerð 1.

#### Samráðsvettvangur kjörinna fulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna

Skapa vettvang fyrir samráð kjörinna fulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna með því að starfrækja mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar og efla þekkingu þessara aðila á ofbeldisvörnum og samráð.

**Markmið:** Stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi með það að augnamiði að efla forvarnir og skapa öruggara borgarsamfélag.

**Ábyrgðaraðili:** Borgarráð.

**Samstarfsaðilar:** Svið og skrifstofur borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

**Tímarammi/staða:** Á meðan samþykktir um ráðið eru í gildi.

**Kostnaður:** Fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun.

## Forvarnarverkefni í hverfum gegn ofbeldi og efling félagsauðs

Fjölmörg forvarnarverkefni m.a. gegn ofbeldi og verkefni sem lúta að eflingu félagsauðs eru starfrækt í hverfum borgarinnar. Verkefni eru á vegum miðstöðva borgarinnar eða leik- og grunnskóla og tengjast m.a. frístundastarfi. Þau eru iðulega unnin í samvinnu margra aðila. Einnig eru til ýmsir samstarfs- eða samráðshópar sem ná til borgarinnar í heild og sinna forvarnarstarfi eins og t.d. **Saman hópurinn**, sem er samstarfshópur fólks sem vinnur að forvörnum og leggur áherslu á samveru foreldra

með börnum. Reykjavíkurborg er þar með tvo fulltrúa og **Náum áttum** sem er samstarfshópur um fræðslu- og forvarnarmál þar sem Reykjavíkurborg á einnig fulltrúa.

Verið er að innleiða í öll hverfi Samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu sem samþykkt var í borgarráði 17. janúar 2023. Að innleiðingunni standa Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, skóla- og frístundaþjónusta og deild barna og fjölskyldna á miðstöðvum Reykjavíkurborgar, Barnavernd Reykjavíkur og framhaldsskólar í Reykjavík. Þessir aðilar hafa ákveðið að vinna saman til að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu. Innleiðingu er lokið í Breiðholti, Vesturmiðstöð er að innleiða (2024) og næst verður verkefnið innleitt á svæði Austurmiðstöðvar og Norðurmiðstöðvar.

Samkvæmt forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar er tekið saman yfirlit um öll forvarnarverkefni á vegum borgarinnar til að fá yfirsýn og til að halda kjörnum fulltrúum upplýstum og koma á tengingum á milli aðila. Yfirlitið verði lagt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð í apríl ár hvert, sjá aðgerð 6.

## Þjónustusamningar

Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við grasrótarsamtök sem vinna með brotaþolum ofbeldis. Vinna grasrótarsamtaka með brotaþolum bæði heimilisofbeldis og kynferðisofbeldis er mikilvæg og viðurkennir borgin það í verki með þjónustusamningum við þau. Markmiðið er að veita borgarbúum sem búa við ofbeldi eða hafa orðið fyrir ofbeldi stuðning, ráðgjöf og meðferð ásamt því að efla fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis.

Reykjavíkurborg tekur einnig þátt í rekstri Bjarkarhlíðar sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, ráðuneyta sem fara með málaflokkinn, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Samtaka um Kvennaathvarf, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eiga sæti í stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar og Reykjavíkurborg leggur til húsnæði til starfseminnar.

Samningar við grasrótarsamtök og samstarfsverkefnið um Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, tryggja að í boði sé þjónusta sem höfðar til breiðs hóps.

## Aðgerð 2

### Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Stígamót, Kvennaathvarfið og Samtökin 78 og þátttaka í rekstri Bjarkarhlíðar

Þjónusta frjálsra félagasamtaka, sem veita brotaþolum þjónustu án endurgjalds, er mikilvæg brotaþolum ofbeldis. Skilgreina þarf vel þegar þjónustusamningar eru gerðir hvaða þjónustu þeim er ætlað að veita til að tryggja gæði þjónustunnar og gott samstarf.

**Markmið:** Að einstaklingar fái stuðning til að byggja upp betra líf.

**Ábyrgðaraðili:** Borgarráð, svið og skrifstofur borgarinnar.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Tilgreint í fjárhagsáætlun hvers árs.

## Börn, forvarnir og ofbeldi

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Það er hlutverk Barnaverndar að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður m.a. vanrækslu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast er við að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Í barnaverndarlögum er kveðið á um að allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er m.a. lögð áhersla á snemmtækan stuðning, samþætta þjónustu og eftirfylgd og hefur Reykjavíkurborg lagt mikla áherslu á að laga vinnubrögð og áherslur að þeim.

### Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

- **Eftirlit:** Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
- **Úrræði:** Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
- **Önnur verkefni:** Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í barnaverndarlögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar. Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

## Aðgerð 3

### Fræðsla og handleiðsla til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi

Barnavernd sér um fræðslu á barnaverndarlögum og þeim skyldum sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi þarf að mæta samkvæmt þeim. Einnig sér Barnavernd um að veita starfsfólki í skólum og frístund ráðgjöf og leiðbeiningar þegar á þarf að halda.

**Markmið:** Að starfsfólk sé vakandi fyrir mögulegu ofbeldi, þekki tilkynningarskyldu sína og viti hvar það geti fengið ráðgjöf.

**Ábyrgðaraðili:** Barnavernd Reykjavíkur.

**Samstarfsaðilar:** Skóla- og frístundasvið.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan fjárhagsramma velferðarsviðs/Barnaverndar Reykjavíkur.

## Aðgerð 4

### Samráðsvettvangur um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar 2024, tillögu um að stofna samráðsvettvang um forvarnir gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna.

Hlutverk hópsins er að vinna að forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og samræma þá vinnu. Greina áskoranir og efla upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem vinna gegn forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og eru í þjónustu við þann hóp. Lögð verði áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og grasrótarsamtaka sem tengjast málefnum barna.

Í samráðshópnum sitja fulltrúar stofnana og samtaka sem vinna með börnum.

**Markmið:** Stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi og efla samvinnu með það að augnamiði að efla forvarnir og skapa öruggara borgarsamfélag.

**Ábyrgðaraðili:** Formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sem leiðir hópinn og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sem leggur til starfsmanneskju.

**Samstarfsaðilar:** Stofnanir innan og utan borgarinnar, grasrótarsamtök og fræðasamfélagið.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Kostnaður vegna starfsmanneskju rúmast innan fjárheimilda mannréttindaskrifstofu, ef til annars kostnaðar kemur þarf að vinna úr því hvaðan hann kemur.

## Aðgerð 5

### Fræðsla til starfsfólks leik- og grunnskóla og í frístundastarfi um áhrif ofbeldis á börn

Vera vinna rafræna fræðslu um áhrif ofbeldis á börn sem hentar leikskólum, grunnskólum og starfsfólki í frístundastarfi. Þetta nái til ofbeldis sem börn verða fyrir að hálfu fullorðinna, jafningja en einnig er litið svo á að það sé ofbeldi gegn börnum þegar þau verða vitni af ofbeldi þar sem áhrif þess eru svipuð. Lögð verði áhersla á að nýta efni um þetta sem þegar er til t.d. hjá Barna- og fjölskyldustofu og/eða fá að setja efni frá þeim á fræðslutorg Reykjavíkurborgar (Torgið) til að hægt sé að skoða í hvaða mæli hún sé nýtt en nýting er skráð þar.

**Markmið:** Að starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum sé í stakk búið til að þekkja merki þess að börn búi við ofbeldi og viti hvernig á að bregðast við. Einnig viti það hvernig bregðast á við þegar börn beita hvort annað ofbeldi.

**Ábyrgð:** Fræðslan sjálf verði unnin af Barnavernd Reykjavíkur en skólustjórar og forstöðufólk frístundamiðstöðva beri ábyrgð á að nýta hana.

**Samstarfsaðilar:** Skóla- og frístundasvið, forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félag stjórnenda leikskóla, Barna- og fjölskyldustofa og frjáls félagasamtök.

**Tímarammi:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma sviðsins.

## Aðgerð 6

### Tryggja upplýsingarstreymi milli forvarnarteymis Reykjavíkurborgar og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs

[Forvarnaáætlun barna og ungmenna 2024-2026](#), fyrir Reykjavíkurborg er á ábyrgð forvarnarteymis Reykjavíkurborgar.

Í forvarnaráætlun er m.a. fjallað um;

- ✓ vinnu gegn einelti
- ✓ aukið samstarf við lögreglu og barnavernd
- ✓ vinnu gegn kynferðislegu ofbeldi
- ✓ samfélag gegn stafrænu ofbeldi

Fjalla um stöðu forvarnaráætlunar Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði í apríl á ári hverju og oftast ef þurfa þykir. Þar eru m.a. aðgerðir gegn ofbeldi í röðum barna.

**Markmið:** Tryggja öryggi barna og ungmenna.

**Ábyrgðaraðili:** Forvarnarfulltrúi innan Betri borg fyrir börn teymisins en mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tryggir að þetta sé sett á dagskrá mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

**Samstarfsaðilar:** Þátttakendur í forvarnarteyminu.

**Tímarammi/staða:** Apríl ár hvert.

**Kostnaður:** Vinnuframlag starfsfólks.

## Aðgerð 7

### Þátttaka í aðgerðarhópi um viðtækar aðgerðir vegna ofbeldis á milli barna og gegn börnum á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins

Aðgerðarhópnum er falið að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem mennta- og barnamálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið kynntu á blaðamannafundi 25. júní og aðgerðum heilbrigðisráðuneytisins sem lúta að heilbrigði og vellíðan barna.

Með aðgerðunum er ætlunin að sporna við þróun í átt að auknu ofbeldi, auka forvarnarstarf og leiða saman fjölbreytta þjónustu- og viðbragðsaðila í samstilltu átaki gegn vaxandi ofbeldi meðal barna og ungmenna á Íslandi. Tveir fulltrúar frá Reykjavíkurborg sitja í aðgerðarhópnum.

**Markmið:** Sporna gegn ofbeldi meðal barna.

**Ábyrgðaraðili:** Ábyrgð á þátttöku, skóla- og frístundasvið og velferðarsvið.

**Samstarfsaðilar:** Aðrir þátttakendur í aðgerðarhópnum.



Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

## Aðgerð 8

### Starfshópur til að greina stöðu í málefnum barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi

Setja á fót starfshóp sem hafi það hlutverk að greina stöðu í málefnum barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi og setja fram tillögur um samræmt verklag þvert á borgina og út fyrir hana. Fyrirmyndin af verkefninu og samstarfinu getur verið verkefnið Saman gegn ofbeldi. Í vinnunni verði lögð áherslu á samþættingu og samvinnu og fundnar leiðir til að koma í veg fyrir tvíverknað. Starfshópurinn hafi það hlutverk að greina stöðuna og setja fram tillögur með það að augnamiði þess að sameina vinnuhópa hjá borginni, skerpa fókus og greina hvernig samvinnu eigi að vera háttáð, hver beri ábyrgð á verkferlum o.s.frv. Horft verði til þess m.a. sem þegar er verið að vinna í verkefninu Betri borg fyrir börn. Starfshópurinn greini einnig kostnað við samvinnuna en einnig það sem til sparast við samþættingu og samvinnu.

Markmið: Sporna gegn ofbeldi gegn börnum og meðal þeirra.

Ábyrgðaraðili: Eftir að útfæra hvaðan starfsmanneskja kemur til að vinna með hópnum.

Samstarfsaðilar: Svið borgarinnar, ríkisstofnanir og félagasamtök eftir því sem við á.

Tímarammi/staða: Greiningarvinna og tillögur verði tilbúið á haustmánuðum 2025.

Kostnaður: Eftir að fjármagna vinnuframlag starfsmanneskju við greiningu og tillögur munu vafalaust hafa kostnað í för með sér en einnig sparnað vegna samþættingar.

## Aðgerð 9

### Kynna bæklinginn *Við og börnin okkar*

Eiga samstarf við þjóðarhópa, kirkjur, moskur og aðra trúarhópa í því augnamiði að dreifa bæklingnum Við og börnin okkar en jafnframt koma á tengslum milli borgarinnar og ýmissa þjóðarhópa.

Einnig verði leitað eftir fjármagni til að þýða bæklinginn á fleiri tungumál.

Markmið: Auka aðgengi að upplýsingum um málefni barna, velferðarþjónustu, hlutverk barnaverndar, mikilvægi frístundastarfs o.fl. er varðar íslenskt samfélag og börn.

Ábyrgðaraðili: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa, m.a. sérfræðingur í fjölmenningu og inngildingunni.

Samstarfsaðilar: Önnur svið borgarinnar, lögreglan og þátttakendur í forvarnarteymi Reykjavíkurborgar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks, fjármagn til að greiða fyrir þýðingar.

## Aðgerð 10

### Fræðsla til nemenda á grunnskólaaldri um kynbundið ofbeldi

Setja á fót starfshóp sem vinnur tillögur að markvissri fræðslu í öllum bekkjum gunnskólans um kynbundið ofbeldi. Hvað eigi að fjalla um, hver sjái um það, skoðaðir séu möguleikar á rafrænni fræðslu og unnið stuðningsefni fyrir kennara. Skoðað verði hvort hægt sé að byggja á hluta á jafningjafræðslu. Tillögur að leiðum til að mæla árangur af fræðslunni verði settar fram og fundnar leiðir til að lögð sé áhersla á þetta í allri vinnu borgarinnar með börnum.

**Markmið:** Sporna gegn kynbundnu ofbeldi meðal barna og ungmenna.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið/Jafnréttisskólinn.

**Samstarfsaðilar:** Sérfræðingar í jafnréttismálum, grasrótarsamtök sem vinna með afleiðingar ofbeldis og í ráðgjöf við þolendur.

**Tímarammi/staða:** Starfshópur skili tillögum að leiðum í lok árs 2025.

**Kostnaður:** Vinnuframlag starfsfólks.

## Aðgerð 11

### Leggja áherslu á að starfsfólk allra leik- og grunnskóla fái Regnbogavottun

Regnbogavottun felur í sér fræðslu fyrir starfsfólk um hinsegin málefni, það gerir úttekt á umhverfi sínu m.t.t. hinsegin vænleika og útbýr aðgerðaráætlun fyrir sinn skóla. Regnbogavottun tekur líka til jafnréttis almennt og lögð er áhersla á virðingu.

**Markmið:** Auka öryggi barna og ungmenna sem eru hinsegin og um leið allra barna.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið og skóla- og frístundaráð leggi þessar línur en mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um fræðsluna.

**Samstarfsaðilar:** Samtökin '78.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Vinnuframlag starfsfólks.

## Aðgerð 12

### Halda til haga tölfraeðiupplýsingum um fræðslu er lýtur að kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í skóla og frístundastarfi

Alþingi samþykkti í júní 2021 þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Forvarnirnar eiga að vera samþættar m.a. kennslu og skólustarfi á öllum skólastigum og starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Halda þarf utan um tölfræðiupplýsingar um fræðslu og miðla þeim upplýsingum til forvarnarfulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Markmið:** Að tryggja að allir skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fái reglubundna fræðslu.

**Ábyrgð:** Skóla- og frístundasvið.

**Samstarfsaðilar:** Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, leik- og grunnskólar, Barna- og fjölskyldustofa- og velferðarsvið.

**Tímarammi:** Ár hvert.

**Kostnaður:** Innan ramma sviðsins.

### **Aðgerð 13**

#### **Vera með teymi í öllum grunnskólum sem eru til stuðnings og ráðgjafar í tengslum við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni**

Starfrækja teymi í hverjum grunnskóla skv. þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem samþykkt var á Alþingi 2021. Teymið hefur það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið verði kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjái einnig um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Teymið leitist jafnframt við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Í þingsályktuninni er tilgreint hvernig það skuli skipað. Teymið verði jafnframt tengiliður við skólaskrifstofur sem sjái um að miðla þekkingu og fræðslu.

**Markmið:** Efla fræðslu á þessum vettvangi með það að augnamiði að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.

**Ábyrgð:** Skólastjórar grunnskóla og skóla- og frístundasvið.

**Samstarfsaðilar:** Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, heilsugæslan.

**Tímarammi:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma Skóla- og frístundasviðs.

### **Aðgerð 14**

#### **Viðhalda ráðgjafateymi um kynferðisofbeldi í skóla – og frístundastarfi**

Viðhalda ráðgjafateymi borgarinnar um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi. Teymið er skipað fulltrúum úr öllum miðstöðvum borgarinnar auk fulltrúa skólahjúkrunarfræðinga og fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur er formaður teymis en teymið veitir ráðgjöf, stuðning og fræðslu eftir þörfum til stjórnenda, starfsfólks og barna og unglunga þegar upp koma kynferðisbrotamál í skóla- og eða frístundastarfi. Teymið veitir forvarnarteymum skóla stuðning.

**Markmið:** Að tryggja að brugðist sé við öllum kynferðisbrotamálum sem upp koma í skóla- og frístundastarfi á faglegan hátt og þeim komið í viðeigandi farveg.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið/Jafnréttisskólinn og velferðarsvið.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma sviðsins.

## **Aðgerð 15**

### **Fræðsla fyrir ungmenni um ofbeldi í samböndum ungs fólks**

Taka þátt í viku6, nýta efnið Örugg saman, Sjúk ást og Stopp ofbeldi eftir því sem við á í hverjum aldurshópi í skóla- og frístundastarfi. Jafnréttisskólinn ber ábyrgð á að vekja athygli á þessu efni.

**Vika6** er sjötta vika hvers árs. Í þeirri viku er starfsfólk grunnskóla og félagsmiðstöðva borgarinnar hvatt til að setja kynheilbrigði í forgrunn og bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu.

Jafnréttisskóli Reykjavíkur stýrir Viku6 en unglingar borgarinnar kjósa þema á hverju ári. Unnið er útrá hugmyndum um alhliða kynfræðslu.

**Örugg saman** er námsefni fyrir 9. og 10. bekk sem er byggt á bandarísku gagnvirku námsefni sem var unnið út frá rannsóknum. Þessi aðferð er ein þeirra sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælir með til að draga úr ofbeldi í nánum samböndum. Um er að ræða kennslustundir sem fjalla um hvernig samskipti geta verið góð og uppbyggileg, fjalla um staðalmyndir, ofbeldi í samböndum og kynferðisofbeldi. Efnið var þýtt og staðfært fyrir íslenskar aðstæður af Landlæknisembættinu.

**Sjúk ást** er upplýsingaefni fyrir vef sem Stígamót hefur unnið um heilbrigð og óheilbrigð parasambönd, ofbeldi og jafnrétti.

**Stopp ofbeldi** er námsefni fyrir öll skólastig um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni unnið af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

**Markmið:** Draga úr ofbeldi í nánum samböndum meðal ungs fólks og skapa menningu sem styður við heilbrigð sambönd.

**Ábyrgðaraðili:** Skóla- og frístundasvið/Jafnréttisskólinn.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma sviðsins.

## **Aðgerð 16**

### **Tryggja virkar eineltisáætlanir í grunnskólum Reykjavíkurborgar**

Fylgja því eftir með reglubundnum hætti, sbr. forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar, að allir skólar í borginni séu með eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja einelti og uppræta það þegar grunur er um slíkt. Þess sé gætt að nauðsynleg þekking sé til staðar með því að bjóða fræðslu um einelti

og að upplýsingar um leiðir til að tilkynna um einelti séu aðgengilegar á vefsíðu, ásamt viðbragðsáætlun og upplýsingum um úrvinnsluferli. Jafnframt komi fram hverjir taki við ábendingum um einelti og hverjir sitji í eineltisteymi skólanna.

**Markmið:** Að öllu starfsfólki sé ljóst hvernig vinna á að því að fyrirbyggja einelti.

**Ábyrgðaraðili:** Forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma sviðsins.

## **Aðgerð 17**

### **Starfrækja Flotann – sem er flakkandi félagsmiðstöð**

Starfsfólk *Flotans*, (þrjár manneskjur) sinna vettvangsstarfi á föstudagskvöldum, í hverfum borgarinnar, auk starfsfólks félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga. Á laugardögum sinnir Flotinn vettvangsstarfi í samstarfi við nágrannasveitarfélög borgarinnar. Á sumrin starfar Flotinn 6 daga vikunnar, sex starfsmanneskjur.

**Markmið:** Að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þau geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi.

**Ábyrgðaraðili:** Frístundahluti fagskrifstofu SFS og frístundamiðstöðin Miðberg.

**Samstarfsaðilar:** Lögreglan, velferðarsvið, nágrannasveitarfélög.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Mennta- og barnamálaráðuneyti veitti til þessa verkefnis 14 m. árið 2023 og 10 m. árið 2024. Umsýsla verkefnisins er sinnt af frístundahluta fagskrifstofu SFS og Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs.

## **Aðgerð 18**

### **Starfrækja Hinsegin félagsmiðstöð í samstarfi við Samtökin '78**

Hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar er fyrir öll ungmenni í 8-10 bekk sem eru hinsegin eða tengja við hinsegin málefni á einn eða annan hátt. Félagsmiðstöðin er opin öll þriðjudagskvöld frá 19:30-22:00. Einnig er í boði félagsstarf fyrir 10-12 ára hinsegin börn og börn sem tengja við hinsegin málefni.

**Markmið:** Að búa hinsegin ungmennum upp á öruggt athvarf í anda félagsmiðstöðva.

**Ábyrgðaraðili:** Frístundamiðstöðin Tjörninn var Reykjavíkurborgar og Samtökin '78.

**Samstarfsaðilar:** Þau sem sinna málefnum barna og ungmenna.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Reykjavíkurborg kr. 9,2 m. og Samtökin '78 standa straum að kostnaði. (en það vantar dags. 1. nóv. 16 m. til viðbótar á ársgrundvelli til að geta haldið úti þjónustustiginu/opnunartímanum sem er nefndur hér f. ofan).

## **Aðgerð 19**

### **Virkninámskeið fyrir ungt flóttafólk**

Um er að ræða virkníurræði eða námskeið sem haldið er í samstarfi við Samræmda móttöku flóttafólks hjá Reykjavíkurborg. Námskeiðið er fyrir flóttafólk á aldrinum 16 til 18 ára.

**Markmið:** Að koma ungmennum sem hlotið hafa alþjóðlega vernd eða fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum og falla undir NEET-hópin (e. Not in Education, Employment or Training) í virkni.

**Ábyrgðaraðili:** Menningar- og íþróttasvið - Hitt húsið.

**Samstarfsaðilar:** Þau sem sinna flóttafólki og starfa með ungu fólki.

**Tímarammi/staða:** Þarf að greina þörf á því hversu oft þarf að bjóða upp á þessa fræðslu.

**Kostnaður:** Vinnuframlag starfsfólks og styrkur frá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

## **Aðgerð 20**

### **Jafningjafræðsla fyrir ungt fólk**

Jafningjafræðslan er fræðslu- og forvarnarverkefni á vegum Hins Hússins sem hefur það að leiðarljósi að ungar fræði ungan. Umræðan byggir á góðum og gagnreyndum upplýsingum.

Hvert sumar fara fræðarar Jafningjafræðslunnar í vinnuskólahópa Reykjavíkurborgar og veita fræðslu um ýmis málefni sem brenna á ungu fólki, t.a.m. um vímuefni, geðheilbrigði, hinseginleika, ofbeldismenningu o.fl. Hugmyndafræðin á bak við fræðsluna er sú að ungu fólki gangi betur að ná til jafnaldra sinna um málefni ungmenna heldur en fullorðnir (jafningjafræðsla, e. peer to peer education). Fræðararnir eru á bilinu 16-19 ára og því á mjög svipuðu reiki og ungmennin sem þau fræða.

Verðandi fræðarar fá þriggja vikna undirbúningsnámskeið í upphafi sumars frá sérfræðingum um málefni sem líkleg eru til að koma upp í fræðslu sumarsins. Jafningjafræðslan stendur einnig fyrir vetrarfræðslu en 1. bekk í framhaldsskólum borgarinnar stendur til boða að fá fræðslu. Jafningjafræðslan fer fram í vinnuskólahópum Reykjavíkurborgar og víðar ef þess er óskað og fjármagn er til staðar.

**Markmið:** Að ungmenni afli sér traustrar þekkingar um málefni sem á þeim brenna hverju sinni.

**Ábyrgðaraðili:** Menningar- og íþróttasvið - Hitt húsið.

**Samstarfsaðilar:** Sérfræðingar í þeim málaflokkum sem talið er að muni brenna á ungmennum.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi, á hverju sumri og svo hefur verið fræðsla í framhaldsskólum.

**Kostnaður:** Vinnuframlag starfsfólks og fjármunir frá R-borg.

## Saman gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Þolendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð, vinnulag lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt og kemur einnig á vettvang ráðgjafi til að styðja við brotþola og veita geranda ráðgjöf sé það samþykkt. Ef börn eru á staðnum kemur einnig í útkall starfsmanneskja Barnaverndar. Þetta er ekki lengur átaksverkefni eins og í upphafi heldur verklag sem er unnið eftir í heimilisofbeldismálum.

Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu/staðnum og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu/staðnum er einnig kallaður til ráðgjafi frá miðstöð/velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotþola á staðnum.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á samstarfsverkefninu og er í því lögð áhersla á ýmsa þá hópa sem mannréttindastefnan nær til. Þannig er horft sérstaklega til hinsegin fólks og heimilisofbeldis, fatlaðs fólks og heimilisofbeldis, eldra fólks og heimilisofbeldis og innflytjenda og heimilisofbeldis.

Reglubundnir samráðsfundir eru haldnir í teyminu sem stýrir verkefninu **Saman gegn ofbeldi** til að taka á þeim málum sem upp kunna að koma og þróa verklagið. Fundirnir eru einnig notaðir til að afla þekkingar í málaflokknum og til að fylgjast með því sem er efst á baugi. Neðangreindar aðgerðir eru innleiddar af teyminu og verkefnisstjóra þess.

### Aðgerð 21

#### Fræðsla um heimilisofbeldi

Vinna fræðslu um ýmsar birtingamyndir heimilisofbeldis. Einnig að vera með fræðslu um þá hópa sem er hvað hættast við að verði fyrir ofbeldi s.s. fatlað fólk og fræðslu um sérstöðu annarra hópa s.s. hinsegin samfélagsins og um birtingamyndir sem eru minna þekktar hér svo sem um heiðurstengt ofbeldi. Sérstök áhersla verði lögð á að veita fræðslu ráðgjöfum miðstöðva, starfsfólki Barnaverndar sem fara í útköll og sinna eftirfylgni. Unnin er fræðsluáætlun fyrir hvern vetur. Horft verði til þess að fólk er mismunandi t.d. verði ávarpað sérstaklega í fræðslunni hvernig einhverft fólk getur brugðist við.

**Markmið:** Byggja upp þekkingu starfsfólks á heimilisofbeldi og tryggja að það viti hvernig bregðast á við.

**Ábyrgðaraðili:** Teymið sem stýrir Saman gegn ofbeldi og verkefnisstjóri.

**Samstarfsaðilar:** Samráðsteymi félagsráðgjafa og starfsfólks barnaverndar innan verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárheimilda verkefnisins.

## Aðgerð 22

### Ráðgjöf og stuðningur við brotaþola heimilisofbeldis í útkalli og í kjölfar þess og markviss eftirfylgni

Veita ráðgjöf og stuðning í útkalli. Starfsmaður barnaverndar og félagsráðgjafi/sérfræðingur á miðstöð mæta á heimili með lögreglu í útköllum vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á staðnum. Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er brotaþoli spurður hvort kalla megi til félagsráðgjafa.

Bakvakt hefur samband (símtal) við brotaþola daginn eftir atburð eða eigi síðar en innan fjögurra virkra daga. Ef áhætta er metin mikil af bakvaktarstarfsfólki hjá borginni eða lögreglunni er farið í eftirfylgniheimsókn.

Útfærðar verði leiðir til að sinna betur eftirfylgd og til að skerpa reglulega á verkferlum lögreglu og nota markvisst leiðir sem tryggja öryggi brotaþola.

**Markmið:** Efla öryggi brotaþola og barna þeirra.

**Ábyrgðaraðili:** Velferðarsvið - miðstöðvar.

**Samstarfsaðilar:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárhagsramma Saman gegn ofbeldi.

## Aðgerð 23

### Ráðgjöf við gerendur í heimilisofbeldismálum í útkalli og í kjölfar þess

Veita gerenda ráðgjöf í útkalli ef tök eru á því eða daginn eftir útkall. Haft er samráð við lögreglu til að meta áhættu. Veita skal gerandanum félagslega ráðgjöf og hvetja hann til að sækja sér meðferð hjá Heimilisfriði.

Hvetja ríkið til að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi en nú er einvörðungu styrkt meðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánnum samböndum.

Hvetja ríkið til þess að huga að meðferð sem einnig nýtist þeim sem ekki eru íslenskumælandi.

**Markmið:** Hvetja gerendur til að sækja sér meðferð og þannig minnka líkur á áframhaldandi ofbeldi.

**Ábyrgðaraðili:** Velferðarsvið og Barnavernd Reykjavíkur vísa til Heimilisfriðar. Hvatning til ríkisins sér mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð um.

**Samstarfsaðilar:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárhagsramma Saman gegn ofbeldi.



## Aðgerð 24

**Taka þátt í vinnu þverfaglegs áhættumatsteymis (MARAC) til að leggja mat á þá áhættu sem brotaþoli stendur frammi fyrir og finna leiðir til að auka öryggi viðkomandi.**

Áhættumatsteymi er þverfaglegt teymi sem samanstendur af lögreglu, félagsþjónustu, barnavernd, heilbrigðisstofnunum og öðrum stofnunum/félagasamtökum eftir eðli þeirra mála sem fara í teymið. Teymið sér um að meta áhættu og vinna áætlun um stuðning við brotaþola.

**Markmið:** Auka öryggi brotaþola heimilisofbeldis.

**Ábyrgðaraðili:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, velferðarsvið og önnur svið eftir því sem við á.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma þeirra stofnana sem að málinu koma.

## Aðgerð 25

**Stuðningsviðtöl við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi**

Veita börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi stuðning með viðtölum. Barnavernd Reykjavíkur býður börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi viðtöl við sálfræðinga. Viðtölin eru 1-3 og fleiri ef þörf er á.

**Markmið:** Að styðja við þau börn sem verða vitni að heimilisofbeldi og auðvelda þeim að fóta sig.

**Ábyrgðaraðili:** Barnavernd Reykjavíkur.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Rúmast innan ramma velferðarsviðs/Barnaverndar Reykjavíkur.

## Aðgerð 26

**Settur verði á fót starfshópur hjá borginni til að rýna hvernig hægt sé að tryggja rétt brotaþola heimilisofbeldis til leigusamninga Félagsbústaða**

Í mörgum tilvikum þarf brotaþoli heimilisofbeldis að flytja út úr sameiginlegu húsnæði. Þetta skapar mikið óöryggi í lífi brotaþola og barna þegar þau eru til staðar. Í Svíþjóð hafa nokkur sveitafélög farið þá leið að leigutaki sem beitir ofbeldi missi rétt sinn til leiguhúsnæðis.

Settur verði á hóp starfshópur hjá borginni til að rýna hvernig þetta er gert í Svíþjóð og skoða útfærslu hér. Í hópnum sé lögfræðingur.

**Markmið:** Að styðja við brotaþola og í mörgum tilvikum börn þeirra.

**Ábyrgðaraðili:** Saman gegn ofbeldi og Félagsbústaðir.

**Tímarammi/staða:** 2025/2026.

**Kostnaður:** Vinnuframlag þeirra sem koma að vinnunni.

## Aðgerð 27

### Skimun á miðstöðvum um heimilisofbeldi

Félagsráðgjafar og aðrir ráðgjafar skimi/spyrji hvort viðkomandi búi eða hafi búið við ofbeldi hjá öllum sem koma í viðtöl til þeirra. Þess sé sérstaklega gætt að skima líka fyrir ofbeldi hjá öldruðum. Gerðar verði leiðbeiningar til að styðjast við þegar skimað, um það sem spyrja þarf að, hvenær er best að gera það o.s.frv.

**Markmið:** Að greina strax hvort vandi tengist heimilisofbeldi og veita viðeigandi stuðning.

**Ábyrgðaraðili:** Velferðarsvið.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma velferðarsviðs.

## Aðgerð 28

### Söfnun tölfraeðiupplýsinga um heimilisofbeldi og birting

Taka saman tölfraeðiupplýsingar á velferðarsviði og hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og birta sameiginlega með reglubundnum hætti á vef borgarinnar.

**Markmið:** Að gera þeim sem koma að verkefninu og öðrum sem hafa á því áhuga kleift að fylgjast með þróun mála og bregðast við.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/verkefnisstjóri, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsvið.

**Tímarammi/staða:** Uppfært í hverjum mánuði.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

## Aðgerð 29

### Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar yfir þjónustu

Vera með upplýsingar á vefsíðu borgarinnar um það hvert brotapolar og gerendur geta leitað til að fá aðstoð. Upplýsingarnar séu á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku. Einnig að birta upplýsingar um verkefnið *Saman gegn ofbeldi*, bæklinga, skýrslur og annað efni sem lýtur að verkefninu og kann að gagnast almenningi, öðrum sveitarfélögum, grasrótarsamtökum o.fl. Lögð verði áhersla á að þróa framsetningu og í því sambandi horft til annarra landa.

**Markmið:** Að leiðir til að leita sér hjálpar séu ljósar og að það efni sem búið er til á vegum Saman gegn ofbeldi nýtist sem flestum.

**Ábyrgðaraðili:** Verkefnisstjóri.

Samstarfsaðilar: Ráðgjafar/sérfræðingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í málefnum innflytjenda.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

### Aðgerð 30

#### Sameiginlegt átak stofnana til að auðvelda fólki að komast úr ofbeldissambandi

Vinna með fulltrúum þeirra stofnana sem við á í að útfæra og innleiða þetta og hvetja til laga- og reglugerðabreytinga þar sem þess er þörf til að auðvelda brotapolum að komast úr ofbeldissambandi;

- ✓ skilnaðarferli létt,
- ✓ aflétt sáttameðferð þegar ofbeldi hefur átt sér stað,
- ✓ fjárhagslegur stuðningur,
- ✓ lögfræðileg ráðgjöf
- ✓ útfæra húsnæðisúrræði,

Markmið: Að auka öryggi brotþola og bæta líðan.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjórn/verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi.

Tímarammi/staða: 2025/2026.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

#### Aldraðir og heimilisofbeldi

Aldraðir geta orðið fyrir ofbeldi af nánum ættingjum og aldraðir hafa oft annan skilning á ofbeldi en þau sem yngri eru. Starfsfólk þarf að vera vakandi fyrir þessu.

### Aðgerð 31

#### Fræðsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um aldraða og heimilisofbeldi

Vekja athygli á fræðslu um aldraða og heimilisofbeldi á Torginu og vera með hana sem skyldu fyrir þá hópa sem vinna með öldruðum. Jafnframt sé þess gætt að verklag sé skýrt komi upp grunur um ofbeldi.

Markmið: Að starfsfólk sé vakandi fyrir mögulegu ofbeldi í hópi aldraðra, þekki merki um það og vita hvernig bregðast á við.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið og Saman gegn ofbeldi – það sem snýr að starfsfólki í útköllum.

Samstarfsaðilar: Öldungaráð.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

## Aðgerð 32

### Upplýsingaefni fyrir aldraða

Setja fram það upplýsingaefni sem þegar er til um aldraða og heimilisofbeldi í aðgengilegu formi fyrir aldraða á vefnum sem einnig nýtist aðstandendum og starfsfólki sem vinnur með öldruðum. Taka saman nýtt upplýsingaefni um fjárhagsofbeldi sem aldraðir geta orðið fyrir og birta á vef.

**Markmið:** Að aldraðir hafi aðgengilegar upplýsingar um heimilisofbeldi og fjárhagslegt ofbeldi sem öldruðum stafar hættu af.

**Ábyrgðaraðili:** Saman gegn ofbeldi, verkefnastjóri.

**Samstarfsaðilar:** Svið borgarinnar og stafrænir leiðtogar þeirra.

**Tímarammi/staða:** Efni tekið saman 2025 en uppfærsla á efni sé viðvarandi.

### Hinsegin fólk og heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi meðal hinsegin fólks hefur sömu birtingamyndir og meðal gagnkynhneigðs fólks en þær geta líka verið aðrar og er mikilvægt að ráðgjafar sem þjónusta fólk vegna heimilisofbeldis sé vakandi fyrir því.

## Aðgerð 33

### Ná til hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi

Leggja áherslu á það, í samstarfi við Samtökin '78, að ná til hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi með því að kynna efni sem þegar er til um hinseginleika og heimilisofbeldi og til þess að veita þeim ráðgjöf og stuðning.

**Markmið:** Að bæta líðan hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa, sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks í samvinnu við verkefnisstjóra Saman gegn ofbeldi.

**Samstarfsaðili:** Samtökin '78.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

### Fatlað fólk og ofbeldi

Fatlaðar konur og börn eru í einna mestri hættu á að verða beitt ofbeldi í samfélaginu. Fatlað fólk getur verið þolendur ofbeldis með sama hætti og ófatlað fólk. Hins vegar á fatlað fólk það einnig á hættu að vera beitt ofbeldi sem sérstaklega er bundið við stuðningsþarfir þess og jaðarsetta stöðu í samfélaginu.

Velferðarsvið hefur reglubundið samráð við réttindagæslumenn. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/Saman gegn ofbeldi á fund einu sinni á ári með réttindagæslu vegna málefna sem snúa að ofbeldi og mannréttindastefnu borgarinnar.

## Aðgerð 34

### Fræðsla til starfsfólks Reykjavíkurborgar um fatlað fólk og ofbeldi

Fræðsla verði í boði fyrir starfsstaði um fatlað fólk og ofbeldi og einnig bent á rafrænt fræðsluefni sem er til.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um fræðslu þegar farið er á staðinn, rafrænt fræðsluefni er til.

**Markmið:** Efla þekkingu starfsfólks á ofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir.

**Ábyrgð:** Verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi og velferðarsvið.

**Tímarammi:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

## Aðgerð 35

### Upplýsingaefni fyrir fatlað fólk um ofbeldi

Gæta þess að upplýsingaefni m.a. plaköt sem prentuð hafa verið séu uppi í búsetukjörnum og annars staðar þar sem fatlað fólk sækir vinnu eða tómstundir. Gæta þess að allt efni sé á auðskildu máli.

**Markmið:** Að fatlað fólk viti hvað ofbeldi er og hvert það getur leitað eftir aðstoð.

**Ábyrgð:** Verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi, starfsmanneskja aðgengis- og samráðsnefndar.

**Tímarammi:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins Saman gegn ofbeldi.

### Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi

Tíðni kynferðisofbeldis er svo há að allt fagfólk Reykjavíkurborgar sem vinnur með fólki er líklegt til þess að hitta brotþola í störfum sínum. Þess þarf að gæta að halda á lofti umræðu um kynferðisofbeldi og að fagfólk viti hvar hægt sé að leita eftir upplýsingum og hvert beri að beina fólki. Í samningi Stígámóta er tilgreint að Stígámót sjái um fræðslu m.a. á miðstöðvum.

## Aðgerð 36

### Fræðsla fyrir starfsfólk um vændi

Boðið verði upp á fræðslu Stígámóta um vændi og afleiðingar þess. Fræðslan verði opin þ.e. í boði fyrir þau sem vilja tileinka sér þessa þekkingu en félagsráðgjafar og annað fagfólk verði hvatt til að nýta sér hana.

**Markmið:** Að starfsfólk borgarinnar sem á þarf að halda þekki afleiðingar vændis og leiðir til stuðnings við þau sem hafa stundað vændi.

**Ábyrgðaraðili:** Velferðarsvið.

Samstarfsaðili: Stígamót.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Hluti af þjónustusamningi við Stígamót.

## Fordómar, rasismi og inngilding

Fram hefur komið að rasisma og útlendingahatur er að finna í íslensku samfélagi. Það er mikilvægt að uppræta slíkt með því að horfast í augu við að slík viðhorf er að finna og bregðast við með því að fræða gerendur um það hvaða áhrif rasismi og útlendingahatur hefur á þau sem verða fyrir slíku og veita þeim stuðning.

### Aðgerð 37

#### Fræðsla til nemenda á mið- og unglingastigi um fjölmenningu og fordóma

Fræðslu um fjölmenningu og fordóma verði haldið áfram fyrir nemendur á mið- og unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkur. Brúarsmiðir þekkingarteymisins **Miðja máls og læsis** og verkefnastjóri fjölmenningar á grunnskólaskrifstofu hafa staðið fyrir fræðslu um fordóma þar sem sérstaklega er rætt um kynþáttafordóma og birtingarform þeirra. Jafnframt verði unnið að því að þróa þessa fræðslu fyrir yngra stig grunnskóla.

Markmið: Að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu.

Ábyrgðaraðili: Skóla- og frístundasvið/Miðja máls og læsis.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma sviðsins.

### Aðgerð 38

#### Kynna fræðsluefni um hatursorðræðu og ólýðræðislega orðræðu sem unnið var á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Ljóst er að skerpa þarf á fræðslu um hatursorðræðu og ólýðræðislegar orðræðu og áhrif hennar á einstaklinga og samfélag. Unnið hefur verið fræðsluefni um hatursorðræðu og ólýðræðislega orðræðu ásamt afleiðingum hennar en nauðsynlegt er að kynna efnið innan borgarinnar og gera það aðgengilegt fyrir öll. Fræðsluefnið er að finna á vef borgarinnar

Einnig er vert að vekja athygli fjölmiðla á efninu.

Markmið: Að auka þekkingu almennings um hatursorðræðu.

Tímabil: 2025 og viðvarandi eftir það.

Ábyrgð: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Kostnaður: Rúmast innan fjárhagsramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

## Aðgerð 39

### Kærleiksorðræða, búum til ný íslensk orð!

Kærleiksorðræða er verkefni sem leggur áherslu á upplifun, tilfinningalæsi og eignarhald á tungumálinu. Öll þau sem koma að verkefninu eru hvött til að búa til ný íslensk orð. Eins og titill verkefnisins ber með sér er lögð áhersla á leik að orðum. Öllum nýju orðunum er safnað saman í nýstárlega orðabók sem er geymd á Borgarbókasafninu. Auk þess sköpum við vettvang til að ræða það sem er okkur kært – upplifun okkar af samskiptum.

Kærleiksorðræða er verkfæri til að þróa opnara málsamfélag og virðingarfyllri samskipti. Mörgum er ekki alltaf ljóst hvort þau beiti hatursorðræðu, en það ætti ekki vefjast fyrir neinum þegar talað er af kærleik. Hér verður til samansafn orða sem uxu í slíku umhverfi.

Verkefnið er unnið á vettvangi með notendum bókasafnsins og með nemendum Hvassaleitisskóla.

**Markmið:** Inngilding og samskipti sem byggja á virðingu.

**Ábyrgðaraðili:** Borgarbókasafn Reykjavíkur / Verkefnastjórn: Dögg Sigmarsdóttir og Martyna Daniel hjá Borgarbókasafninu.

**Samstarfsaðilar:** Ós Pressan, R.E.C. Arts, Hvassaleitisskóli og Juan Camilo, fjölmenningsfulltrúi Háskóla Íslands.

**Ráðgjafar:** Achola Otieno (Inclusive Iceland), Chanel Björk Sturludóttir (Mannflóran), Eiríkur Rögnvaldsson próf. emeritus í íslenskri málfræði og málsfarslegur aðgerðarsinni, og Miriam Petra Ómarsdóttir Awad sérfræðingur í baráttu gegn rasisma.

**Tímarammi/staða:** Verkefnið er hafið og gert ráð fyrir að því ljúki fyrir 1. mars 2025.

**Kostnaður:** Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála og Sprotasjóði.

## Aðgerð 40

### Fræðsla til starfsfólks Reykjavíkurborgar í menningarnæmni

Að bjóða fræðslu til að auka hæfni starfsfólks við aðstæður þar sem menningarlegrar næmi er þörf. Þetta styðji við félagsráðgjafa og aðra ráðgjafa sem veita innflytjendum þjónustu í heimilisofbeldismálum og nýtist mögulega öðru starfsfólki sem þjónustar innflytjendur. Greint verði hverjir þurfa þessa fræðslu og kraftar sameinaðir innan borgarinnar og m.a. horft til þess efnis sem Fjölmenningssetur hefur látið vinna um menningarnæmni. Skoðað verði hvort hún geti verið rafræn að hluta til.

**Markmið:** Bætt þjónusta við innflytjendur.

**Ábyrgðaraðili:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa/Saman gegn ofbeldi.

**Samstarfsaðilar:** Sérfræðingur í fjölmenningu og inngildingu á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og aðrir sérfræðingar á þessu sviði. Miðstöðvar borgarinnar.

Tímarammi/staða: Þarf að greina þörf á því hversu oft þarf að bjóða upp á þessa fræðslu.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

#### **Aðgerð 41**

##### **Námskeið fyrir borgarfulltrúa um hatursorðræðu**

Námskeið fyrir borgarfulltrúa um hatursorðræðu, sérstaklega er snertir þeirra störf, haldið eftir borgarstjórnarkosningar.

Markmið: Að borgarfulltrúar verði upplýstir um hatursorðræðu og áhrif hennar.

Tímarammi: Eftir borgarstjórnarkosningar.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjórnar/mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

Kostnaður: Innan ramma skrifstofu borgarstjórnar.

#### **Aðgerð 42**

##### **Greina stöðu barna af erlendum uppruna í hverfisíþróttafélögum**

Safna upplýsingum um þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttafélögum. Greina sérstaklega þær leiðir sem eru farnar hjá þeim félögum sem eru með hæst hlutfall iðkenda af erlendum uppruna og gera tillögur að leiðum sem má fara til að bæta stöðuna. Fjárframlög til íþróttar eru gjarnan rökstudd með forvarnargildi þeirra. Því er mikilvægt að aðgengi barna af erlendum uppruna og af öllum kynjum sé gott.

Markmið: Inngilding.

Ábyrgðaraðili: Menningar- og íþróttasvið og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa. Úttekt/greining verði unnin saman af þessum aðilum en í samvinnu við ÍBR.

Samstarfsaðilar: ÍBR, hverfisíþróttafélögin og sérfræðingur í fjölmenningu og inngildingu á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Tímarammi/staða: Haust 2025.

Kostnaður: Vinnuframlag starfsfólks.

#### **Aðgerð 43**

##### **Að styðja við samstarf lögreglunnar við frjáls félagasamtök og trúarhópa**

Að borgin stuðli að/leggi sitt af mörkum til að efla tengsl lögreglu við félagasamtök, áttahagafélög innflytjenda og trúfélög með milligöngu um að skapa vettvang fyrir slíka samvinnu. Samfélagslögregla leggi sig jafnframt fram við að mynda tengsl við þessi félög til að skapa traust á milli og auðvelda gagnkvæm tengsl, eftir því sem svigrúm er til.



sérfræðingur í fjölmenningu og inngildingunni kalli eftir yfirliti yfir samskipti/skrái tvisvar á ári og metinn sé árangur af þeim af innflytjendaráðgjafa og samfélagslögreglu, byggt á matsblaði sem þróað verður af mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samvinnu við samfélagslögregluna.

**Markmið:** Skapa traust milli innflytjenda og lögreglunnar.

**Ábyrgðaraðili:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, en umfang ræðst af fjárframlögum ríkisins til samfélagslöggæslunnar, í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu m.a. við sérfræðing í fjölmenningu og inngildingunni.

**Samstarf:** Aðilar innan og utan Reykjavíkurborgar.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi, hefst 2025.

**Kostnaður:** Rúmast innan fjárhagsramma lögreglunnar og sviða borgarinnar.

## Öruggar borgir á Norðurlöndum

Samþykkt var á fundi borgarstjórnar 16. maí 2017 að Reykjavíkurborg gerðist aðili að sáttmálanum Öruggar borgir á Norðurlöndum eða **Nordic Safe Cities** (NSC). Um er að ræða samstarfsverkefni og tengslanet borga á Norðurlöndunum sem koma saman, deila reynslu sinni og koma í framkvæmd aðgerðum sem fyrirbyggja öfgahyggju (e. violent extremism) og ofbeldisfulla hegðun í aðildarborgunum. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa heldur utan um aðild Reykjavíkurborgar að **Nordic Safe Cities**.

Borgin þarf að sinna öflugum forvarnarstarfi, sem nær til velferðarþjónustu, frístundar og að barnaverndar og vinna áfram að því að gera Reykjavík að barnvænni borg. Stofnanir borgarinnar og lögreglan þurfa að byggja upp traust og eiga í virku samtali við íbúa, en vinir, fjölskyldur og fagfólk sem vinnur með börnum þarf að vera vakandi fyrir mögulegum hættumerkjum m.a. um einangrun ungmenna og grípa inn í með viðeigandi hætti.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940 gera hatursorðræðu refsiverða (233 gr. a). Umræðan um hatursorðræðu getur verið viðkvæm og flókin og er tjáningarfrelsinu oft stillt upp sem andsvari og álitnið vera í hættu þegar fjallað er um hatursorðræðu. Á móti hefur verið bent á að tjáningarfrelsinu fylgi ábyrgð og að það veiti ekki frelsi til að tjá hatur, sem er bannað með ofangreindum lögum. Það er mikilvægt að hafa í huga að hatursorðræða beinist frekar að ákveðnum hópum en öðrum, oft jaðarsettum hópum, en ofangreind lög um hatursorðræðu tilgreina þjóðerni, litarhátt, kynþátt, trúarbrögð, kynhneigð og kynvitund.

### Aðgerð 44

#### Vinna fræðsluefni um forvarnir til að sporna við því að einstaklingar leiðist út í öfgahyggju

Gefið verði út fræðsluefni um forvarnir til að fyrirbyggja að einstaklingar leiðist út í öfgahyggju ásamt upplýsingum. Efnið verði kynnt fyrir starfsfólki skóla- og frístundasviðs í gegnum *Torgið*, fræðslukerfi Reykjavíkurborgar. Sérstök áhersla verði lögð á skóla og félagsmiðstöðvar í þessu sambandi.

**Markmið:** Að starfsfólk á skóla- og frístundasviði þekki hættumerki um öfgahyggju og forvarnir gegn henni.

Tímarammi: 2025.

Ábyrgð: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og mannréttindastjóri.

Kostnaður: Innan ramma mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

## Aðgerð 45

### Starf samfélagslögreglu verði eftt

Borgin óskar eftir að ríkisvaldið veiti langtímafjármagni til eflingar samfélagslöggæslu þannig að samfélagslögreglumenn verði á öllum lögreglustöðvum höfuðborgarsvæðisins til að efla jákvæð tengsl við borgarbúa og sérstaklega börn og ungmenni. Samfélagslögreglumenn séu sýnilegir, hafa frumkvæði að samskiptum og byggi upp traust.

Markmið: Að auka tengsl og traust á milli almennings og lögreglu.

Ábyrgð: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Beiðni um eflingu komi frá borgaryfirvöldum/mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði.

Tímarammi: 2025-2027.

Kostnaður: Verði hluti af fjárhagsramma lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

## Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum

Vinna að aðgerðum í tengslum við samkomulag Reykjavíkurborgar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka ferðaþjónustunnar um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði. Í því felst að halda reglubundna teymisfundi með fulltrúum áðurnefndra aðila þar sem farið er yfir stöðuna á samkomulaginu og hvað megi betur fara. Einnig eru haldnir fundir með fulltrúum skemmtistaða sem eiga aðild að verkefninu þar sem farið er yfir ofbeldisbrot á skemmtistöðum síðustu sex mánuði hverju sinni. Á þessa fundi er einnig boðaður fulltrúi neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis sem fer yfir komur á neyðarmóttöku á tímabilinu.

Í samstarfinu felst að auki að unnar séu reglubundnar úttektir á skemmtistöðum þar sem fulltrúar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins heimsækja þá staði sem eiga aðild að samkomulaginu og gera ábendingar um þau atriði sem betur mættu fara.

## Aðgerð 46

### Fræðsla fyrir dyraverði

Samkvæmt samkomulagi við Mími símenntun heldur starfsfólk frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fræðslu fyrir dyraverði sem er hluti af námskeiði til dyravarðaréttinda.

Inntak fræðslunnar er eftirfarandi: Hvernig geta okkar eigin fordómar og staðalmyndir í samfélaginu haft áhrif á samskipti okkar við mismunandi hópa? T.d. innflytjendur, hinsegin fólk og fatlað fólk. Hverjar eru birtingarmyndir fordóma og hvernig geta þeir leitt til áreitni og ofbeldis? Hvað er kynferðisleg áreitni og hvernig er hægt að bregðast við henni?

Markmið að loknu námi er að nemendur:

- ✓ Séu meðvitaðir um mismunandi stöðu fólks í samfélaginu sem sækir skemmtistaði t.d. út frá kyni, uppruna, kynþætti, litarhætti, kynhneigð, fötlun eða annarri stöðu.
- ✓ Geti borið kennsl á birtingarmyndir fordóma og áreitni gagnvart ólíkum hópum.
- ✓ Þekki birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og þekki leiðir til að bregðast við.
- ✓ Hafi öðlast aukna færni til þess að bregðast við hegðun sem byggir á fordómum.
- ✓ Þekki til helstu birtingamynda mansals og viti hvernig bregðast á við.

Markmið: Efla öryggi fólks inni á skemmtistöðum og við þá.

Ábyrgðaraðili: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu/mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Samstarfsaðilar: Mímir, símenntun.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Kostnaður: Kostnaður við námskeið er greiddur af eigendum/rekstaraðilum skemmtistaða.

## Mansal

Mansal fer eðli málsins samkvæmt mjög leynt og er þörf á að virkja almenning til að fylgjast með sínu nærumhverfi og þekkja merki mansals. Reykjavíkurborg vill vinna gegn mansali og leggur áherslu á að fræða sitt starfsfólk um birtingarmyndir þess og hvert skuli snúa sér vakni grunur um mansal.

### Aðgerð 47

#### Rafræn fræðsla um mansal standi starfsfólki borgarinnar til boða

Unnin verði rafræn fræðsla um mansal, m.a. um birtingarmyndir þess og ábyrgð borgarinnar sem atvinnurekanda í þeim tilvikum sem borgin semur við aðra aðila um verk, t.d. starfsmannaleigur. Jafnhliða verði unninn verkferill í samvinnu við Bjarkarhlíð um viðbrögð þegar mansal kemur upp innan Reykjavíkurborgar en Bjarkarhlíð ber ábyrgð á teymisvinnu þegar mansalsmál koma upp skv. samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Markmið: Efla öryggi fólks á vinnustöðum.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið í samvinnu við Bjarkarhlíð.

Samstarfsaðilar: Verkalýðsfélög, mannauðs- og starfsumhverfissvið, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.

### Aðgerð 48

#### Halda fræðslu um birtingarmyndir mansals og uppfæra verkferil á umhverfis- og skipulagssviði

Skipuleggja fræðslu um birtingamyndir mansals og viðbrögð við grun um mansal fyrir starfsfólk á umhverfis- og skipulagssviði sem vinnur störf við eftirlit. Í tenglum við fræðsluna verður verkferill vegna gruns um mansal uppfærður.

**Markmið:** Efla öryggi fólks inni á vinnustöðum og koma í veg fyrir mansal.

**Ábyrgðaraðili:** Umhverfis- og skipulagssvið.

**Samstarfsaðilar:** Aðrir aðilar sem sjá um eftirlit s.s. slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, ASÍ, Velferðarsvið, lögreglan og eftir atvikum aðrir.

**Tímarammi/staða:** Verkferlar verða uppfærðir og fræðslan útfærð veturinn 2024-2025. Fræðslunni verður komið í reglubundinn farveg í kjölfarið.

**Kostnaður:** Kostnaður rúmast innan fjárheimilda sviðsins.

## Ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar

#Metoo byltingin sýndi fram á mikilvægi þess að allt samfélagið bregðist við og vinni gegn kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Í 14 gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir: „*Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótt- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.*“

### Aðgerð 49

#### Fræðsla til starfsfólks borgarinnar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi

Markviss fræðsla til starfsfólks um stefnu Reykjavíkurborgar gegn EKKO (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi) og verkferla í gegnum fræðslukerfi borgarinnar, Torgið.

**Markmið:** Útrýma einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) í starfsumhverfi borgarinnar.

**Ábyrgðaraðili:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið.

**Samstarfsaðilar:** Svið og skrifstofur borgarinnar eftir því sem við á, með aðstoð sérfróðra aðila í EKKO (s.s. Auðnast, Líf og sál o.fl.).

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi.

**Kostnaður:** Innan ramma sviðsins.

## Aðgerð 50

### Reglubundin endurskoðun á verkferlum vegna gruns um ofbeldi sem starfsfólk beitir í störfum sínum

Verkferlar þegar grunur vaknar um ofbeldi sem starfsfólk beitir þau sem verið er að þjónusta séu uppfærðir einu sinni á ári ef þörf er á. Hér er m.a. átt við í skóla- og æskulýðsstarfi, og í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og aldraða á vegum borgarinnar. Fram komi í verkferlum m.a. hvenær tilefni er til að tilkynna til lögreglu. Verkferlarnir séu kynntir í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði einu sinni á ári

**Markmið:** Að brugðist sé skjótt við gruni um ofbeldi að hálfu starfsfólks til að vernda þjónustuþega.

**Ábyrgðaraðili:** Svið borgarinnar/mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð kalli eftir kynningu.

**Samstarfsaðilar:** Svið og skrifstofur borgarinnar og lögreglan eftir því sem við á.

**Tímarammi/staða:** Gert í apríl á ári hverju.

**Kostnaður:** Innan ramma sviða.

## Aðgerð 51

### Innleiða á hverju sviði verkferil vegna ofbeldis sem starfsfólk verður fyrir

#### Innleiða á hverju sviði verkferil vegna ofbeldis gegn starfsfólki (OGS)

Verkferlar verði innleiddir á hverju sviði en einnig verði unnir gátlistar og verklög fyrir starfsfólk sem vinnur störf þar sem það getur orðið fyrir ofbeldi af hálfu þjónustuþega, nemenda, gesta og almennings. Ferlarnir séu kynntir fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði einu sinni á ári.

Búið er að vinna á mannauðs- og starfsumhverfissviði leiðbeiningar vegna ofbeldis gegn starfsfólki. Þessar leiðbeiningar verði innleiddar á hverju sviði fyrir sig. Einnig verði í mismunandi þjónustuþáttum búnir til gátlistar og verklag um leiðir til að auka öryggi starfsfólks og farið yfir það með starfsfólki með reglubundnum hætti og alltaf við nýráðningar.

**Markmið:** Að koma í veg fyrir ofbeldi gegn starfsfólki en einnig styðja við starfsfólk þegar það er í hættu eða hefur orðið fyrir ofbeldi.

**Ábyrgðaraðili:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið í samvinnu við svið borgarinnar.

**Samstarfsaðilar:** Svið og skrifstofur borgarinnar eftir því sem við á.

**Tímarammi/staða:** Viðvarandi en kynnt í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði í apríl ár hvert.

**Kostnaður:** Innan ramma sviðsins.

